



Fundargerð

1. fundur Fjallskiladeildar Holtamannaafréttar haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Fimmtudaginn 11. júní 2026, kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Fundargerð ritaði: Guðmundur Einarsson, skrifstofustjóri Ásahrepps.
Mætt eru á fundinn: Karl Ölvisson, Óskar Ólafsson, Ármann Ólafsson, Ísleifur Jónasson, Hulda Brynjólfadóttir, Sigurður Óskar Óskarsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ísleifur Jónasson setti fund og fór yfir reglur sem gilda um fjallskiladeildir.

Samþykkt að Ísleifur verði fundarstjórnandi og Guðmundur Einarsson fundarritari.

1. Ósk um að komast á nytjaréttarskrá - 2606002

Erindi hefur borist frá eigendum Laufbrekku sem óska eftir því að komast á nytjaréttarskrá fyrir Holtamannaafrétt.

Fundur í Fjallskiladeild Holtamannaafréttar samþykkir erindið.

2. Kosning í stjórn Fjallskiladeildar Holtamannaafréttar - 2606001

Kjósa þarf nýja stjórn fjallskiladeildar Holtamannaafréttar.

2 aðalmenn kosnir af nytjaréttarhöfum úr Ásahreppi og 2 til vara.

1 aðalmaður kosinn af nytjaréttarhöfum úr fyrrum Djúpárhreppi og annar til vara.

Sveitarfélögin Ásahreppur og Rangárþing kjósa hvor fyrir sig einn aðalmann í stjórn og annan til vara.

Ísleifur Jónasson biðst undan kjöri.

Tveir aðalmenn kosnir af nytjaréttarhöfum úr Ásahreppi eru kjörnir Sigurður Óskar Óskarsson og Kristín Hreinsdóttir.

og varamenn Hulda Brynjólfadóttir og Nanna Maja Norðdahl.

Einnur aðalmaður kosinn af nytjaréttarhöfum úr fyrrum Djúpárhreppi er kjörinn Óskar Ólafsson og Ármann Ólafsson til vara.

Samþykkt samhljóða.

3. Úthlutun úr Landbótasjóði 2026 - 2603026

Úthlutun úr Landbótasjóði Lands og skóga fyrir árið 2026 nemur 3.336.000 kr og miðar við 192 ha svæði.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including a large signature at the top and several initials below it.

Einnig kom fram að fyrir liggja drög að svæði sem áætlað er að tekið verði fyrir á þessu ári.
Þau drög lögð fram og skoðuð.

Til kynningar.

Fram kom á fundinum að gert er ráð fyrir að opnað verði fyrir upprekstur 30. júní, með fyrirvara um gróðurskoðun.

Einnig að Landbótaáætlun 2015-2025 framlengdist sjálfkrafa um eitt ár, til loka árs 2026.

Nýkjörin nefnd mun skipta með sér verkum á fyrsta fundi.

Fundi slitið kl. 17:40.

Sigurður Óska Óskarsson
Súlda Þorpm
Íslakr. Jónsson
Hermann Ólafsson
Óskar Ólafsson
Karl Ólvisson
Gunnar Þorsson